



# SKÝRSLA STJÓRNAR 2023-2024

## Félag um innri endurskoðun

Netfang: [fie@fie.is](mailto:fie@fie.is)

Heimasíða: [www.fie.is](http://www.fie.is)

Facebook: Félag um innri endurskoðun



# EFNISYFIRLIT

Stjórn og nefndir _____	3
Stjórn 2023-2024 _____	3
Siðanefnd _____	3
Fjöldi félagsmanna og fagvottanir á árinu _____	4
Þakkir til félagsmanna _____	4
Starfsemi félagsins _____	5
Fræðsla _____	5
Alþjóðlegt samstarf og annað samstarf um fræðslu _____	5
Innri endurskoðunardagurinn _____	6
Önnur fræðsla _____	6
Fagvottun í stað faggildingar _____	6
Breytingar á reglum um endurmenntunareiningar _____	6
Global Assembly _____	7
Alþjóðaráðstefnan í Amsterdam 2023 _____	7
Nýir Heimsstaðlar um innri endurskoðun _____	7
Íslensk þýðing Heimsstaðla um innri endurskoðun _____	7
Samskipti við FME _____	8
Siðanefnd _____	8
Ársreikningur 2023 _____	9
Samantekt _____	9
Skoðunarmaður félagsins _____	9

# STJÓRN OG NEFNDIR

Á aðalfundi 2023 voru gerðar breytingar á samþykktum félagsins sem fjallað var um á fundinum. Á fundinum stigu Jóhanna María Einarsdóttir og Jón Sigurðsson úr stjórn. Gréta Gunnarsdóttir og Sif Einarsdóttir gáfu kost á sér til stjórnarsetu. Anna Sif Jónsdóttir, Björg Ýr Jóhannsdóttir, Sigríður Guðmundsdóttir og Viðar Kárason, stjórnarmeðlimir, gáfu áfram kost á sér til stjórnarsetu. Þar sem sex aðilar voru í framboði í sex manna stjórn var hún sjálfkjörin.

## Stjórn 2023-2024

Stjórn skipti með sér verkum á fyrsta stjórnarfundi með eftirfarandi hætti:

- Anna Sif Jónsdóttir, formaður.
- Sigríður Guðmundsdóttir, formaður staðla- og alþjóðanefndar.
- Sif Einarsdóttir, gjaldkeri.
- Gréta Gunnarsdóttir, formaður fræðslunefndar.
- Viðar Kárason, ritari.
- Björg Ýr Jóhannsdóttir, samskiptafultrúi.

Á starfsárinu 2023-2024 voru haldnir 11 stjórnarfundir auk óformlegs undirbúningsfundar fyrir endurskoðunardag. Stjórn hefur skilgreint vel hver sinnir hvaða hlutverki og hefur það verklag gefist vel og aukið skilvirkni stjórnarstarfa. Það er áskorun að halda uppi litlu fagfélagi sem þessu en það er gert með miklu og góðu sjálfböðastarfi félagsmanna, ekki síst stjórnarmanna. Hér að neðan eru myndir af stjórnarmönnum seinasta starfsárs.



## Siðanefnd

Stjórnin skipaði Sigurjón Geirsson (CIA), innri endurskoðanda Háskóla Íslands, sem formann siðanefndar.



## Fjöldi félagsmanna og fagvottanir á árinu

Félagar geta orðið allir þeir sem hafa innri endurskoðun að aðalstarfi í fyrirtæki eða opinberri stofnun, þeir sem lokið hafa alþjóðlegri vottun í innri endurskoðun og þeir sem áhuga hafa á innri endurskoðun, áhættustýringu, innra eftirliti og stjórnarháttum. Félagsmenn voru 81 talsins í lok árs 2023 og hefur fjöldi þeirra haldist nokkuð svipaður á síðustu árum en ávallt eru nokkrar breytingar innan ársins samhliða breytingum á starfsvettvangi félagsmanna. 25 félagsmenn eru með gilda fagvottun í innri endurskoðun (CIA), þar af hlaut einn félagsmaður fagvottun á liðnu starfsári:

- Jakob Hafþór Björnsson, fagvottun í innri endurskoðun (CIA)

## Þakkir til félagsmanna

Stjórn félagsins vill þakka öllum félagsmönnum og öðrum aðilum sem lagt hafa félaginu lið með þátttöku sinni í nefndum, fyrirlesturum eða mætingu á fundi félagsins á liðnu starfsári, að ógleymdum hópi sjálfboðaliða sem unnið hefur að þýðingu nýrra Heimsstaðla um innri endurskoðun. Auk þess óskar stjórn framangreindum félagsmanni sem hlaut fagvottun á þessu ári innilega til hamingju og býður nýja félagsmenn hjartanlega velkomna í félagið.

*Reykjavík, 1. maí 2024*

*f.h. stjórnar Félags um innri endurskoðun,*

*Anna Sif Jónsdóttir*

*formaður*

# STARFSEMI FÉLAGSINS

Félag um innri endurskoðun var stofnað árið 2003. Markmið félagsins er að efla innbyrðis tengsl og kynningu þeirra sem starfa við innri endurskoðun, vera vettvangur til að styrkja fagleg vinnubrögð, styrkja þróun innri endurskoðunar og faglega umræðu jafnframt því að vera leiðandi rödd stéttarinnar út á við. Félagið er aðildarfélag alþjóðasamtaka innri endurskoðenda, The Institute of Internal Auditors Inc. (IIA), auk þess tekur það þátt í evrópsku og norrænu samstarfi á sínu sviði.

## Fræðsla

Á fyrsta fundi stjórnar var Gréta Gunnarsdóttir kosin formaður fræðslunefndar. Á starfsárinu voru henni til aðstoðar aðrir stjórnarmenn. Samskiptafulltrúi stjórnar, Björg Ýr Jóhannsdóttir, sá um að setja efni tengt fræðslustarfi inn á vef og Facebook síðu félagsins ásamt því að halda utan um skráningar vegna atburða á vegum nefndarinnar. Fræðsluefni og fundum var ýmist streymt eða haldnir staðfundir og einnig var boðið upp á fræðslu af netinu sem hægt er að sækja eftir þörfum. Félagsmenn hafa aðgang að mikilli og góðri fræðslu í streymi hjá IIA og öðrum aðilum og hefur það breytta umhverfi seinustu ára, eðlilega, breytt fræðsluáherslum félagsins.

Í litlu fagfélagi eins og okkar er mikilvægt að sem flestir leggi hönd á plóg við fræðslustarf og, til að efla og viðhalda fræðslustarfi, er æskilegt að stórar innri endurskoðunardeildir annað hvort styðji fagstarfið með aðila í stjórn eða haldi einn fræðslufund á ári.

## Alþjóðlegt samstarf og annað samstarf um fræðslu

Stjórn og fræðslunefnd hafa unnið áfram að því að efla samstarf í fræðslumálum við aðildarfélög IIA í Evrópu til að auka framboð og fjölga valkostum félagsmanna til endurmenntunar og þennan vettvang má nýta mun betur í framtíðinni. Stjórn hefur einnig leitast við að miðla fræðslu frá alþjóðasamtökunum á miðlum sínum. Á starfsárinu var tekið upp samstarf við IIA í Svíþjóð sem nú býður okkur að taka þátt í fræðslu á vegum félagsins sem er á ensku. Sú fræðsla sem IIA Svíþjóð hefur boðið okkur að taka þátt undanfarið er:

- Róttæk skýrsluskrif
- Ókeypis rafræn málstofa um ESG málefni
- Gagnagreining-og gagnameðhöndlun
- Governance - Risk - Compliance ráðstefna
- Critical thinking námskeið (fer fram þann 23. maí 2024)

Þetta samstarf hefur reynst okkur vel, bæði eykur það fræðsluframboð og einnig fær FIE hluta af þóknun fyrir hvern þann sem tekur þátt í sænsku fræðslunni.

Formaður siðanefndar sá um fræðslu um siðareglur og var það gert í samvinnu við Endurmenntun EHÍ á seinni hluta árs 2023.

## Innri endurskoðunardagurinn

Stærsti viðburður starfsársins 2023-2024 var Innri endurskoðunardagurinn sem haldins var á Vox Club í mars 2024. Þema Innri endurskoðunardagsins að þessu sinni voru mannauðsmál og flest erindi dagsins tengdust að einhverju leyti innri endurskoðun mannauðsmála. Þetta er nýtt þema á Innri endurskoðunardegi en stjórnun mannauðs er, samkvæmt áhættukönnunum, vaxandi áhætta og verður það næstu ár. Könnun var gerð á meðal félagsmanna í kjölfar dagsins og meðal niðurstaðna var að þátttakendum leist vel á að hafa ákveðið þema um það sem er efst á baugi hverju sinni. Einnig er metið mikilvægt að gefa svigrúm í dagskránni til samtals félagsmanna á milli um fagleg málefni innri endurskoðunar.

## Önnur fræðsla

Félagið hefur leitast við að bjóða upp á fjölbreytta fræðslu bæði hvað varðar efnistöð, lengd, staðsetningu og verð en meðal annars hefur verið leitast við að bjóða upp á eina fræðslu á ári sem er frí fyrir félagsmenn. Frí morgunverðarfundur var haldinn í febrúar í húsnæði KPMG. Þar sá Sigríður Guðmundsdóttir (CIA) stjórnarmeðlimur FIE, um kynningu og stýrði umræðum um nýju staðlana sem IIA gaf út í janúar 2024.

Morgunverðarfundur var haldinn í september 2023 í húsnæði Kviku banka hf. þar sem Gréta Gunnarsdóttir, (CIA) stjórnarmeðlimur FIE, og Björg Ýr Jóhannsdóttir, (CIA) stjórnarmeðlimur FIE, fjölluðu um netöryggismál og hvað væri fram undan í reglugerðarlandslaginu, bæði varðandi gervigreind og DORA. Kostnaður við þessa fræðslu var í lágmarki vegna þess að KPMG og Kvika buðu fram húsnæði og þökkum við þeim kærlega fyrir.

Faghópur í upplýsingatækni var endurreistur á árinu 2022 en hann hélt ekki fræðslu á starfsárinu. Opinber faghópur hefur hist reglulega það sem af er ári 2024. Faghópar hafa sprottið upp og hætt störfum eftir áhuga félagsmanna hverju sinni og hvetur stjórn félagsmanna til að sýna frumkvæði og húa félagsmönnum saman til fundar um sameiginleg fagleg viðfangsefni og áhugamál. Með því fylgir ekki nein skuldbinding en öll þekkjum við hversu gagnlegt gott spjall um fagið getur verið.

## Fagvottun í stað faggildingar

Félaginu barst vinsamleg ábending frá Faggildingaráði um að enska orðið 'certification' er í raun vottun en ekki gilding en Evrópusambandið er með staðla tengda gildingum (e. accreditation). Því hefur stjórn félagsins uppfært allan texta á vefsíðu félagsins og fallið frá notkun orðsins faggilding, framvegis verður notast við orðið *fagvottun*.

## Breytingar á reglum um endurmenntunareiningar

Alþjóðasamtökin hafa breytt reglum varðandi endurmenntunareiningar. Helsta breytingin er sú að sé vottun ekki viðhaldið með reglulegri endurmenntun rennur hún alfarið út og þarf þá að taka prófin aftur til að fá endurvottun. Stjórn beinir því til félagsmanna að vera vakandi fyrir þessu. Endurmenntunarkröfur í dag fyrir CIA gráðuna eru 40 CPE einingar á ári. Ein slík eining fæst með 50 mínútna fræðslu og auk þess fást einingar fyrir þátttöku í félagsstarfi FIE, greinarskrif, þýðingarvinnu og fleira.

## Global Assembly

Í Global Assembly sitja fulltrúar frá hverju aðildarfélagi á heimsvísu og er þeim ætlað að sinna ráðgefandi hlutverki gagnvart stjórn alþjóðasamtakanna um stefnumótandi áherslur og önnur mikilvæg málefni fagstéttarinnar. Það er einnig hugsað sem samráðsvettvangur til að stuðla betur að samræmdri framkvæmd stefnu samtakanna og aðildarfélaganna. Global Assembly kemur saman fjórum sinnum á ári og er jafnaði í formi þriggja fjarfunda og eins staðfundar. Fulltrúi FIE í Global Assembly á starfsárinu var Anna Sif Jónsdóttir, formaður FIE.

Fulltrúar aðildarféлага í Global Assembly hittust í Amsterdam í júlí 2023, helgina fyrir alþjóðaráðstefnuna sem haldin var þar. Helstu umræðuefni sneru að framtíðarsýn (e. Vision) fram til ársins 2035 auk þess sem sértækar kröfur (e. Topical Requirements) til mismunandi viðfangsefna voru ræddar en drög að fyrstu slíkum kröfum eru komin út og fjalla um netöryggi (e. Cyber Security). Næsti staðfundur verður haldinn í tengslum við alþjóðaráðstefnu IIA í Washington í júlí 2024.

## Alþjóðaráðstefnan í Amsterdam 2023

Árleg alþjóðaráðstefna IIA var haldin í Amsterdam 2023. Mjög góð þátttaka var frá Íslandi þegar 12 félagsmenn tóku þátt með því að mæta en auk þeirra voru nokkrir Íslendingar á ráðstefnunni rafrænt.

## Nýir Heimsstaðlar um innri endurskoðun

Eins og félagsmönnum er flestum kunnugt gáfu alþjóðasamtökin út nýja staðla þann 9. janúar sl. og kallast þeir nú Heimsstaðlar um innri endurskoðun. Ekki er um grundvallarbreytingar á stöðlunum að ræða þótt greina megi breyttar áherslur frá fyrri útgáfu. Í raun mætti segja að það sem áður þurfti að lesa á milli línanna og var í anda staðlanna er nú orðið að formlegum hluta þeirra. Nýir staðlar hafa þegar tekið gildi og eitt ár er gefið til innleiðingar svo allir þurfa að vera tilbúnir til að starfa að fullu í samræmi við nýju staðlana í upphafi árs 2025.

Athygli er vakin á því að í kjölfar uppfærðra staðla munu CIA prófin breytast til samræmis. Hægt er að taka CIA gráðuna miðað við eldri staðla fram til maí 2025. Stjórn hvetur félagsmenn sem hyggjast taka gráðuna eindregið til að klára próftöku, hvort sem er fyrir þessa breytingu eða eftir hana, en forðast að vera úti í miðri á þegar breytingin tekur gildi.

## Íslensk þýðing Heimsstaðla um innri endurskoðun

Eftir fyrirspurnir og umræður á félagsfundum var augljós sá vilji félagsmanna að eiga staðlana á íslensku og ákveðið var að ráðast í það viðamikla verkefni að þýða þá, en þar sem staðlarnir eru talsvert umfangsmiklir og innihalda nú meira ítarefni en áður hefur þýðingarvinna, sem unnin er í sjálfböðavinnu, reynst tímafrek og tafist. Því var brugðið á það ráð að leita til sjálfböðaliða og var þeim skipt í hópa eftir fimm hlutum staðlanna. Um þessar mundir eru vinnuhópar að skila drögum til ritstjóra (Sigríður Guðmundsdóttir (CIA), stjórnarmeðlimur FIE) og fram undan er mikið samræmingarverk og lokafrágangur. Vonir standa til að íslensk útgáfa verði tilbúin í sumar en Sigríður á þakkir skildar frá félagsmönnum fyrir að halda utan um og stýra þessari vinnu.

## Samskipti við FME

Helstu hlutverk félagsins eru þrjú: fræðsluhlutverk sem miða að því að styrkja fagleg vinnubrögð og styrkja þróun innri endurskoðunar, félagslegt hlutverk og að gæta hagsmuna félagsins og stéttarinnar innan lands sem utan. Í samræmi við þetta hlutverk var fulltrúi úr stjórn FIE í samskiptum við fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands varðandi kröfur til stöðugildis forstöðuaðila innri endurskoðunardeilda eftirlitsskyldra aðila og vakti athygli á mikilvægi þess að reynsla, sérþekking á sviði innri endurskoðunar og óhæði sé til staðar, samanber kröfur í 16. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og að fjármálaeftirlitið geti tekið hæfi innri endurskoðanda til skoðunar hvenær sem er telji það þörf á því. Í lögunum er enn fremur fjallað um kröfur um hæfi þessara aðila.

Stjórn telur rétt að vekja athygli á því að samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands, með breytingum á tilskipun frá EBA á næsta ári, verður bætt við hæfismati fjármálaeftirlitsins á innri endurskoðendum líkt og framkvæmdastjórum eftirlitsskyldra aðila. Því er mikilvægt að forstöðumenn innri endurskoðunardeilda eftirlitsskyldra aðila séu undir það búnir að vera teknir í hæfismat af hálfu fjármálaeftirlitsins á næstu árum.

## Siðanefnd

Engin mál bárust nefndinni á starfsárinu.



# ÁRSREIKNINGUR 2023

## Samantekt

Hagnaður af rekstri Félags um innri endurskoðun á árinu 2023 nam 308 þús. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins 8,4 millj. kr., bókfært eigið fé í árslok er um 8 millj.kr. og eiginfjárlutfall félagsins er 95%. Rekstrarhagnaður vegna rekstrarársins 2023 er færður til hækkunar eigin fjár.

## Skoðunarmaður félagsins

Skoðunarmaður er kosinn á aðalfundi félagsins annað hvert ár. Á aðalfundi í maí 2023 var Jón H. Sigurðsson, löggiltur endurskoðandi hjá PWC, kosinn skoðunarmaður félagsins og þökkum við honum fyrir störf hans sem skoðunarmaður.

Fjárstoð ehf. sér um bókhald félagsins, mánaðaruppgjör, innheimtu tekna og greiðslu reikninga.